

Minningarsjóður sýslumannshjóna Eggerts og Ingibjargar Briem.

Með bréfi 10. apríl 1942 afhenti séra Vilhjálmur Briem sjóð með framangreindu nafni, að upphæð 2.676,88, sem stofnaður var af systkinunum Elínu Briem Jónsson, Jóhönnu Briem Eggertsdóttur og séra Vilhjálmi Briem. Skal verja 1/4 hlut vaxtanna til þess að styrkja námsmenn í landbúnaðarvísindum, þegar deild í þeirri grein verður stofnuð við Háskóla Íslands.